



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 11. júní 2024
24042117/005.05 JBG

Efni: Svarbréf við fyrirspurn Árna Péturs varðandi samráð við börn við breytingar í menningarmálum.

Fyrirspurn um samráð við börn vegna breytinga á menningarsviði

1. Var haft samráð við börn og ungmenni við endurhönnun 1. hæðar Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu? Kópavogur hefur innleitt Barnasáttmála SP sem kveður á um að samráð og samtal skuli haft við börn um málefni er þau varða. Breytingarnar á 1. hæð Bókasafnsins og Náttúrufræðistofu falla greinilega í þann flokk enda er barnadeild Bókasafnsins þar til húsa og Náttúrufræðistofa ekki síður ætluð börnum en þeim sem eldri eru.
2. Hvenær í ferlinu var slíkt samráð haft?
3. Hvernig var staðið að því samráði?
4. Hvernig voru niðurstöður samráðsins nýttar við breytingarnar?

Svar

Efnt var til samráðs meðal bæjarbúa sem allir höfðu aðgang að. Sjá nánar hér: <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ibuaverkefni/menningarmidjan>. Starfsmönnum í Vinnuskóla Kópavogs var gefið svigrúm til að setjast niður og kynna sér hugmyndasamkeppnina og taka þátt í henni. Þann 9. september fór fram opin kynning á húsnæðisbreytingunni í Bókasafninu þar sem börn jafnt sem fullorðnir lögðu sitt af mörkum og var upplýsingunum safnað saman og unnið úr þeim við lokatillögu arkitektsins.

Virðingarfyllst,

Pálmi Þór Mátsson
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

